

Ed.

77. Frumvarp til laga

[71. mál]

um breyting á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Maður, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi en hann dvelst í að jafnaði, getur aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar.

2. gr.

Á eftir 14. gr. komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. janúar 1973, rétt að telja sig til lögheimilis í Vestmannaeyjum fram til 1. júní 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja, nema þeir tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu.

Athugasemd sveitarstjórnar samkvæmt 11. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962, um, að einstaklingur talinn með lögheimili í Vestmannaeyjum sé vantallinn í íbúaskrá hennar 1. desember 1973, skal eigi tekin til meðferðar af þjóðskrá, nema athugasemdinni fylgi vottfest yfirlýsing hlutaðeiganda um, að hann sé samþykkur breytingunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. gr.

Við framkvæmd lögheimilislaga hefur nokkuð borið á því, að menn telji sér hagræði í að eiga lögheimili t. d. í sumarbústöðum eða eyðibýlum úti á landi. Með lögfestingu ákvæðis þessa er reynt að fá fram raunverulegt heimili, ef menn telja, að um tvö heimili sé að ræða.

2. gr.

Vegna þeirra náttúruhamfara, er dunið hafa yfir Vestmannaeyjar, og þeirrar óvissu, er nú ríkir um framtíðarheimilisfang íbúa eyjanna, er nauðsynlegt að lög-
festa til bráðabirgða ofangreint ákvæði, og er tilgangurinn þriðjættur.

Í fyrsta lagi hefur það ótvíræða þýðingu um álagningu útsvara ársins 1974. Nauðsynlegt er fyrir Vestmannaeyjakaupstað að afla tekna til uppbyggingarstarfs í Vestmannaeyjum, þótt það kunní á einhvern hátt að gerast á kostnað annarra sveitarfélaga, þ. e. þeirra, er nú í dag hýsa Vestmanneyinga. Aftur á móti njóta þau sveitarfélög á ókomnum árum þess uppbyggingarstarfs, sem Viðlagasjóður hefur

staðið fyrir í ýmsum byggðarlögum með byggingu innfluttra húsa, sem nú þegar á næsta ári munu gefa af sér fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélags, og íbúar húsanna verða útsvarsgjaldendur, er fram líða stundir, auk þess sem hús þessi munu í mörgum tilfellum leysa brýnt húsnaðisvandamál viðkomandi staða.

Í öðru lagi munu fara fram kosningar til bæjarstjórna síðasta sunnudag í maí á næsta ári. Verður þá kosin bæjarstjórn í Vestmannaeyjakaupstað til næstu fjögurra ára. Verður því að telja eðlilegt, að þeir íbúar Vestmannaeyja, sem nú dveljast til bráðabirgða í landi, vilji hafa áhrif á stjórn eyjanna og þá um leið, hvernig staðið verður að uppbyggingarstarfsemi í því sveitarfélagi næstu fjögur árin, með því að eiga kosningarrétt og kjörgengi í Vestmannakaupstað.

Í þriðja lagi mun hið almenna jöfnunarsjóðsframlag renna til Vestmannaeyjakaupstaðar, auk þess sem reikna má með allmiklu fé í fólksfækkunarframlag til Vestmannaeyja úr Jöfnunarsjóði. Verði lögheimili látið ráðast af dvalarstað, má reikna með, að fólksfækkunarframlagið verði það hátt, að það hafi veruleg áhrif á hið almenna jöfnunarsjóðsframlag til sveitarfélaganna, sem aftur getur leitt til þess, að á árinu 1975 verði greiddar miklar upphæðir úr Jöfnunarsjóði vegna fólksfækkunar til þeirra sveitarfélaga, sem nú hýsa Vestmanneyinga, þannig að óæskileg röskun verði á jöfnunarsjóðsframlagi næstu tvö árin.